SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

25. apríl 2018

Umsögn um drög að reglugerð um fráveitur og skólp – Mál nr. S-43/2018

Með vísan í umsagnarbeiðni sem birtist í Samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 04.04.2018, þá fylgir hér umsögn Samorku um drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

Fram kemur í umsagnarbeiðninni að markmið endurskoðunar á reglugerð um fráveitur og skólp sé að „einfalda ákvæði reglugerðarinnar og gera hana skýrari, bæta skráningu og upplýsingar um fráveitur, setja viðmiðunargildi um efnainnihald skólps sem losað er frá iðnaðarstarfsemi í fráveitur og skerpa á ábyrgð leyfishafa starfsleyfa fyrir iðnaðarstarfsemi um hreinsun frárennslis og tengsl við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.“

Samorka tekur heils hugar undir ofangreind markmið og þakkar fyrir sýndan samráðsvilja ráðuneytisins í málinu. Það er mat Samorku að reglugerðardrögin séu nálægt því að vera tilbúin til útgáfu. Það er eitt stórt útistandandi atriði í drögunum sem er að mati samtakanna nauðsynlegt að leysa, til þess að reglugerðin verði trúverðug og sanngjörn fyrir allar fráveitur landsins. Þar er átt við þær auknu hreinsunarkröfur sem gerðar eru til lítilla og meðalstórra sveitarfélaga sem losa í vatnsmiklar jökulár (m.v sveitarfélög við sjávarsíðuna). Þar er um að ræða íþyngjandi kröfur sem hafa hverfandi umhverfisbætandi áhrif. Um það mál er fjallað í sérstökum kafla hér að neðan. Auk þess hefur Samorka athugasemdir við nokkur einstök ákvæði, eins og rakið er hér að neðan.

Að mati Samorku er mikilvægt að vinnu við útgáfu reglugerðarinnar ljúki sem allra fyrst þannig að ljóst sé hvaða reglum beri að fara eftir við uppbyggingu fráveitumannvirkja. Það er ekki gott ástand þegar óvissa um reglugerðarumhverfi starfsemi fráveitna er hindrandi fyrir nauðsynlega uppbyggingu, sem því miður er orðið tilvikið. **Þannig hvetur Samorka ráðuneytið til að vinna hratt úr þeim umsögnum sem berast og gefa nýja reglugerð út eins fljótt og mögulegt er.**

<u>Athugasemdir við einstakar greinar og efnisatriði</u>

Þéttbýli við vatnsmiklar jökulár

Í greinargerð með drögum að nýrri reglugerð um fráveitur og skólp, sem fráveitunefnd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skilaði til ráðherra í maí 2017, var eftirfarandi umfjöllun um þéttbýli við vatnsmiklar jökulár:

Nefndin vekur athygli á því að svo hagar til að ákveðin miðlungsstór sveitarfélög standa við vatnsmiklar jökulár sem renna til sjávar. Sé vatnsstreymi ánna borið saman við losun næringarefna og efna sem geta valdið súrefnisþurrð frá þessum sveitarfélögunum eru sennilega litlar líkur á hættu á ofauðgun næringarefna eða súrefnisþurrð í ánum eða árósunum af völdum frárennslisins. Við þessar aðstæður gæti því verið nægilegt að sía frárennslið til þess að ná viðunandi hreinsun. Viðmið tilskipunarinnar varðandi síður viðkvæm svæði takmarkast hins vegar við strandsjó og ármynni. Kröfur um hreinsun frárennslis við vatnsmikar jökulár gætu því verið óþarflega strangar miðað við hæfni ánna til þess að taka við frárennslinu.

Nefndin beinir því sérstaklega til ráðuneytisins að kanna möguleika á að á að í undantekningartilvikum væri unnt að samþykkja að straumharðar og vatnsmiklar jökulár myndu flokkast sem síður viðkvæmir viðtakar.

Samorka leggur áherslu á að ráðuneytið taki áskorun fráveitunefndarinnar. Þar er mikilvægt að halda því til haga að ekki er verið að tala um minni kröfur til slíkra sveitarfélaga, m.v sveitarfélög við sjávarsíðuna. Tillaga Samorku er að gerðar verði sömu kröfur um hreinsun til þéttbýla við sjávarsíðuna og þeirra þéttbýla sem standa við vatnsmiklar jökulár. Það er mat Samorku að það sé erfitt (nánast ómögulegt) að rökstyðja að frekari þörf sé á að minnka innihald lífrænna efni í fráveituvatni frá slíkum þéttbýlum. Í báðum tilvikum á það við að 1. stigs hreinsun sé nægileg til að tryggja að ekki verði nokkur neikvæð umhverfisleg áhrif. Samorka vekur auk þess athygli á því að ekki var ágreiningur í fráveitunefnd ráðuneytisins um efnisatriði þessa máls og í raun mikill samhljómur.

Í fráveitutilskipun Evrópusambandsins kemur fram að megintilgangur tilskipunarinnar sé að vernda umhverfið fyrir neikvæðum áhrifum losunar frá fráveitum. Í þeim tilgangi eru settar fram hreinsunarkröfur sem hannaðar eru til að koma í veg fyrir ofauðgun næringarefna. Þannig eru gerðar kröfur um 2. stigs hreinsun í stað 1. stigs hreinsunar þar sem aukin hætta er á ofauðgun. Í vatnsmikilli jökulá, þar sem losun er frá litlu þéttbýli, er möguleikinn á ofauðgun næringarefna ekki til staðar. Í ljósi þess er eðlilegt að sömu kröfur verði gerðar til slíkra þéttbýla og til þorra annarra þéttbýla á landinu – 1. stigs hreinsun.

Tillaga Samorku er að í töflu 1, viðauka VI, verði bætt við einni línu fyrir vatnsmiklar jökulár. Þar er mikilvægt að, í þeim tilgangi að tryggja að engin neikvæð áhrif verði á umhverfið, sé flokkun svæðisins í höndum Umhverfisstofnunar og að Umhverfisstofnun verði gert mögulegt að óska eftir öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að taka viðeigandi ákvarðanir.

3. gr. - Skilgreiningar

Við yfirferð sérfræðinga fráveitnanna á skilgreiningum og notkun á hugtökum í reglugerðinni, komu fram allnokkrar athugasemdir. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um reglugerðardrögin er að finna góða yfirferð yfir hvað betur má fara í hugtakanotkun og skilgreiningum í reglugerðinni og tekur Samorka undir þær athugasemdir. Samorka leggur til að fundað verði sem fyrst um það mál í framhaldi af umsagnaferlinu og unnið hratt að því að lagfæra þá annmarka sem eru til staðar.

9. gr. - Endurnýting

Samorka vill beina því til ráðuneytisins að mikilvægt er að tryggja að ávallt sé hægt að farga síuúrgangi og seyru. Því miður eru dæmi um það að fara þurfi langar leiðir með síuúrgang og seyru vegna þess að móttökustöðvar taka ekki við slíkum úrgangi. Það er ljóst að það verður ekki lagað í þessari reglugerð, en samtökin hvetja ráðuneytið til að taka málið til skoðunar.

16. gr. - Yfirfall

Samorka fagnar því að í greininni komi fram áhersla á að draga úr magni ofanvatns í fráveitukerfum og að takmarka neyðarlosanir. Þannig ætti í raun betur við að greinin héti „yfirfall og ofanvatn".

Að mati Samorku er ekki rétt að tiltaka sérstaklega orðið „blágrænar" í greininni, því það eru lausnir sem geta tekið á fleiru en bara meðhöndlun ofanvatns, heldur eru blágrænar ofanvatnslausnir einnig notaðar til landmótunar og til að auka líffræðilegan fjölbreytileika, svo eitthvað sé nefnt og ekki alltaf á forræði rekstraraðila fráveitu heldur þarf samstarf við veghaldara, eða umráðaaðila grænna svæða. Ef nota á orðið blágrænar ofanvatnslausir þá þyrfti í minnsta falli að setja það undir skilgreiningar í reglugerðinni.

Í gr. 9.3 í núverandi reglugerð er umfjöllun um hvenær er heimilt að skólp fari á yfirfall. Þar er skýrt að ákvæðið á við hönnun á fráveitum með einfalt kerfi. Það er mikilvægt að í nýju reglugerðinni sé þetta einnig skýrt, að um sé að ræða ákvæði sem á við um hönnun á nýjum fráveitum – eða í raun hönnun á viðbótum við núverandi einföld kerfi.

18. gr. - Skráning og skýrslugjöf

Samkvæmt greininni er rekstraraðilum fráveitna skylt að skila upplýsingum um búnað og rekstur fráveitnanna og förgun úrgangs og seyru til Umhverfisstofnunar. Samorka leggur áherslu á að mikilvægt er að hafa samráð við veiturnar þegar skilgreint er hvaða upplýsingar eigi að liggja fyrir. Þá er mikilvægt að fyrirkomulag gagnaskilanna verði notendavænt, t.d í gegnum e-s konar gátt hjá Umhverfisstofnun, þar sem upplýsingar hvers árs haldast inni, svo ekki þurfi að fara í sömu vinnuna ár eftir ár. Þannig myndi ár hvert einungis vera færðar inn nýjar upplýsingar og breytingar.

Samorka býður fram sitt samstarf við útfærslu málsins.

20. gr. - Viðurlög

Í 20. gr. er fjallað um að brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varði sektum, hvort sem þau séu framin af ásetningi eða ekki. Í ljósi mögulegra viðurlaga um fjögurra ára fangelsi, er slíkt orðalag að mati samtakanna ekki rétt.

Viðauki IV – Sýnataka, mælingar og viðmið

Í núgildandi reglugerð eru ekki gerðar kröfur um sólarhringssýni fyrir hreinsivirki undir 2.000 pe. Ekki er heldur að finna slíkar kröfur í fráveitutilskipun ESB. Þannig er það mat Samorku að ekki sé rétt að gera slíkar íþyngjandi kröfur til svo lítilla fráveitna.

Viðauki V - Leiðbeinandi listi og viðmiðunargildi fyrir þætti sem spillt geta fráveitubúnaði og/eða virkni hreinsibúnaðar

Í greininni kemur fram að „Almennt sé miðað við að hitastig sé undir 35°C, en víkja má frá þessu hámarkshitastigi svo fremi sem hitastigið sé undir 50°C". Til þess að viðmiðunargildin fyrir hitastig séu

ekki marklaus, þá þarf að fylgja hámarks tímalengd á undanþágunni og leggur Samorka áherslu á mikilvægi þess að slíkum mörkum verði bætt við (sem væntanlega var upphaflega ætlunin).

Samorka er eftir sem áður viljug til samstarf um reglugerðina og öll málefni fráveitna, og eru samtökin tilbúin til að vinna hratt og vel með ráðuneytinu að lokaútgáfu reglugerðarinnar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.